

Svar

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um haf-, fiski- og rækjurannsóknir í Arnarfirði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hver hefur verið árlegur heildarkostnaður við haf-, fiski- og rækjurannsóknir í Arnarfirði síðan árið 1999, reiknað til núvirkis?
2. Hve miklum fjárhæðum hyggjast stjórnvöld verja til slíkra rannsókna í Arnarfirði á þessu ári?
3. Liggja fyrir áætlanir um að auka rannsóknir í firðinum og ef svo er, hvaða rannsóknir eru það, sundurliðað eftir verkefnum, og hvernig verða þær fjármagnaðar?

Meðfylgjandi tafla sýnir heildarkostnað Hafrannsóknastofnunarinnar við þau verkefni sem unnið hefur verið að í Arnarfirði síðan 1999. Þar veða eðlilega þyngst árlegar rannsóknir á rækju, einkum stofnmælingar sem eru mikilvægar við ráðgjöf um leyfilegan hámarksafli á hverri vertíð. Á árunum 2001–2002 var Arnarfjörður einnig kortlagður með fjölgeislamæli. Upplýsingar sem fengust í þeirri rannsókn um botngerð og lögun botnsins í firðinum gefa skýrari mynd af fiskgengd og útbreiðslu rækju en áður var fyrir hendi.

Á árinu 2005 verða rækjurannsóknir með svipuðu sniði og áður. Þar að auki kemur til sérstakt átak vegna aukinna rannsókna á samspili þorsks og ýsu annars vegar og rækju í firðinum hins vegar. Annað nátengt og nýtt verkefni á þessu ári snýr að því að reyna að fanga fisk til áframeldis með fôðrun í kvíum. Heildarkostnaður vegna rannsókna í Arnarfirði á árinu 2005 verður því mun meiri en á undanförunum árum.

Engar áætlanir liggja fyrir á þessu stigi málsins um aðrar rannsóknir í firðinum.

Kostnaður Hafrannsóknastofnunarinnar við rannsóknir í Arnarfirði í þús. kr.

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Rækjurannsóknir	4.467	5.123	4.457	2.560	2.956	2.956	5.156
Hörpudisksrannsóknir	1.490		1.490				
Straummælingar vegna kalkþörungna			305	325			
Botnmælingar með fjölgeislamæli			4.133	2.677			
Mengunarsýnataka			105	440			
Botndýrannsóknir						420	
Rallstöðvar	290	290	290	290	290	290	290
Söfnun á þorski og ýsu í kvíar							11.065
Samtals	6.247	5.413	10.780	6.292	3.246	3.666	16.511